

Stjórnarfundur 6. 12. 2023

Mættir voru: Eypór Gíslason, Steinunn Árnadóttir, Ólafur Axel Björnsson, Halldór Sigurkarlsson, Friðrika Ásmundsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eypór setti fundinn og stýrði honum.

Umræður um kjör stjórnarmanna á aðalfundi. Einn fyrrverandi stjórnarmanna gaf ekki kost á sér en það skilaði sér ekki til uppstillingarnefndar vegna misskilnings. Hvað skal gera?

Kynna sér lögmæti kosninga á aðalfundi, hvað er rétt og hvað rangt? Eigum við að hafa 7 manna stjórn eða þarf annan aðalfund.

Skipað í störf stjórnarmanna:

Formaður – Eypór

Gjaldkeri - Friðrika

Ritari - Kristín

Varaformaður – Steinunn

Ritari – gerir fundargerðir, ber undir stjórnarmenn. Eftir ca 3 daga fara þær síðan á heimasíðuna. Steinunn ætlar að taka að sér umsjón með facebook síðunni. Tilkynningar koma frá Hmf en ekki einstakling. Lagfæra aðeins og taka til.

Tengiliðir stjórnar við nefndir félagsins.

Beitarnefnd – Steinunn

Reiðveganefnd – Eypór

Æskulýðsnefnd – Kristín

Skemmtinefnd – Óli

Laganefnd – Steinunn

Fræðslunefnd – Dóri

Mótanefnd – Eypór

Umhverfis- og vallarnefnd – Steinunn

Húsnefnd – Friðrika

Uppstillingarnefnd

Reiðhallarnefnd – Eypór

Heimasíða félagsins ritari sér um fréttir og þannig, Óli er með aðgang vegna reiðhallarinnar. Setur inn hver er með aðgang og tímasetningar.

Starfslýsingar. Eru tilbúnar að mestu. Eypór mun senda þær á stjórn sem les yfir og kemur með athugasemdir á næsta fundi.

Stefna að því að funda með öllum nefndum félagsins. Stungið upp á að funda fyrst með fræðslunefnd sem mundi þá kynna starf vetrarins.

Framkvæmdir í haust. Þarf sem þarf að skila lokaskýrslu vegna framkvæmda í haust. Eypór ætlar í hana og fá Þórdísi sér til aðstoðar.

Formannafundur 4. janúar með formönnum félaganna á Vesturlandi. Þar á að fara yfir framkvæmd sameiginlegs úrtökumóts og hvað skal gera með fjórðungsmót.

Umræður um hrossarekstur. Stjórn mælist til að hestamenn noti eingöngu ruslahringinn og fari á sunnudögum, mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum fyrir hádegi.

Nauðsynlegt að merkja reiðvegi. Afar lítið um merkingar. Athuga hver hægt sé að fá skilti – sveitarfélagið eða vegagerðin.

Umferðin á Hvanneyri. Hvað er hægt að gera til að stöðva umferð ökutækja á reiðvegum. Verið að keyra á mikilli ferð á eftir rekstrum. Byrja á því að bæta merkingar. Var vísað til reiðveganefndar á aðalfundi.

Félagsheimilið, hugmynd að hafa opið milli 9 og 11 um helgar. Molasopi - ekkert meir.

Umræður um reiðhöllina, kostnaður og leiga. Þarf að hafa ákveðin gjöld á námskeiðum/þátttakendum. Hugmynd að hafa viðburði í húsinu, tiltektardaga, kynningar o.þ.h.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn miðvikudaginn 3. janúar 2024 kl. 19.30.